



Kæru dönskukennarar

Ný stjórn

Aðalfundur FDK var haldinn 22. febrúar s.l. Fundurinn var nokkuð vel sóttur og létt yfir fólki.

Formaður félagsins Margrét Karlsdóttir var endurkjörin.

Úr stjórn gengu Hildur Guðrún Hauksdóttir, Jónína María Kristjánsdóttir og Ágústa Unnur Gunnarsdóttir.

Þeim eru þökkúð vel unnin störf í þágu félagsins.

Nýjir stjórnarmeðlimir eru

Inga Jóhannsdóttir kennari í Borgarholtsskóla, Lis Ruth Klörudóttir kennari í Laugalækjarskóla og Reynir Þór Eggertsson kennari í Menntaskólanum í Kópavogi.

Stjórnin hefur skipt með sér verkum:

Formaður: Margrét Karlsdóttir

Varaformaður: Alma Guðrún Frimannsdóttir

Gjaldkeri: Katrín Jónsdóttir

Ritari: Málfríður Þórarinsdóttir

Meðstjórnendur: Inga Jóhannsdóttir, Lis Ruth Klörudóttir og Reynir Þór Eggertsson.

Endurskoðendur: Marta Guðmundsdóttir og Kristín Valdimarsdóttir

Ákveðið var á aðalfundi að árgjald félagsins yrði hækkað um kr. 500 og verður nú kr. 3.500. Gíróseðlar verða sendir út til félagsmanna á haustdögum.

Danska spennuþáttaröðin **BEDRAG** sem við auglýstum í síðasta fréttablaði er nú sýnd á RÚV á sunnudögum.

Fréttabréf mars 2016

Upplýsingar til félagsmanna

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur styrkt FDK eins og önnur aðildafélög STÍL til rekstrar. Nú síðustu ár um kr. 150.000-. Á árinu 2015 fengu stjórnir félaganna þær upplýsingar frá ráðuneytinu að rekstrarstyrkjum yrði alfarið hætt frá og með árinu 2016. Formenn aðildarfélaga STÍL rituðu mótmælabréf til ráðuneytis vegna þessa.

Á árinu 2015 fékk félagið í síðasta sinn styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu eins og verið hefur til að senda tvo fulltúa á Nordsprákkfundum. Frá og með árinu 2016 er ráðuneytið alfarið hætt að veita styrki til þessa. Bent er á KÍ fyrir grunnskólakennara og SEF fyrir framhaldsskólakennara. Eins og gefur að skilja er það mjög mikilvægt fyrir dönskukennara að vera meðlimir af Nordsprák og hafa aðgang að námskeiðum sem samtökin standa fyrir og að geta haft áhrif á innihald þeirra.

Viðhorfskönnun meðal félagsmanna FDK

Stjórn Félags dönskukennara stefnir að því að senda út könnun til félagsmanna sinna strax eftir páskafrí.

Það er von stjórnarinnar að félagsmenn taki mikinn og góðan þátt í þessari könnun, því að henni er ætlað að vera leiðarvísir um það hverjar eigi að vera helstu áherslur og viðfangsefni í starfsemi félagsins að mati félagsmanna.

Gleðilega páska

Bestu kveðjur, stjórnin

Ábyrgðarmaður: Margrét Karlsdóttir
margret@hvaleyarskoli.is